



53. Stúdentaráðsfundur

15. desember 2017

Fundarritari: Sólveig María Árnadóttir

Fundur settur: 17:00

Mættir: Ketill Sigurður Jóelsson, Sólveig María Árnadóttir, Hörður Ingi Kristjánsson, Lís Margrét Rúnarsdóttir, Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir, Heiða Björg Guðjónsdóttir, Páll Hólm Sigurðarson, Andrés Tryggvi Jakobsson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Andrea Sif Steinþórsdóttir, Bergdís Sigfúsdóttir, Magnús Víðisson.

Fjarverandi: Berglind Hannesdóttir (boðaði varamann, Andreu Sif), Pétur Már Jónsson (boðaði varamann, Berglindi Ósk), Thelma Rut Káradóttir

Dagskrá 52. Fundar stúdentaráðs

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
2. Stuttur stöðufundur vegna Háskólaráðs.
3. Verklagsreglur bornar upp til samþykktar.
4. Kynning frá jafnréttisnefnd.
5. Kynning frá umhverfisráði.
6. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.
Samþykkt.



2. Stuttur stöðufundur vegna Háskólaráðs.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda í háskólaráði er mætt til þess að taka stöðuna á öllum deildum fyrir fyrirhugaðan fund Háskólaráðs. Bergdís: það er veirið að undirbúa stóra háskóladaginn í RVK. Verið að fara að panta flug fyrir hringferðina. Eitt vandamál í kynninganefnd, það vilja engir strákar vera í kynningaferðum. Vantar stráka!

Lísa: Helst er verið að ræða um kynjaójafnvægið, sem er í öllum skólanum. Almenn óánægja meðal nemenda útaf nýrri námskrá, óánægja v. skipulags á námskeiðum. Lísa ætlar að ræða það betur við Breglindi. Einhverjir hafa kvartað yfir því hvað „félagslífið sé lélegt“.

Sigurbjörg: Í deildarráði hefur verið að umorða stefnu fyrir hug- og fél. Sigurbjörg ræðir sviðsfundinn sem var í gær, þar sem hiti var í fólki v. breytingar í lagadeild. Berglind útskýrir hvað var samþykkt á háskólaráði og segir frá misskilningi sem varð í framhaldinu.

Páll: Það er mikið búið að vera að þæla í nýrri ríkisstjórn og hvaða áhrif það hefur fyrir háskólann, hvaða áhrif það hefur á stóra deild eins og viðskiptadeild.

Andrés: Mjög líklega ekki teknir inn líftækninemadar í skólann næsta haust. Rannveig, sviðsforseti sagði það á síðasta fundi. Hún getur þó ekki tekið ein ákvörðun um þetta, þetta þarf að fara fyrir háskólaráð bendir Berglind á.

Heiða: Það er verið að endurskoða mætingarskyldu í MA-náminu. Tillaga um breytingu var felld, þannig að það verður áfram skyldumæting. Það er verið að endurskoða 5. árið til M.Ed. þannig að það verði kandidateggsár.

Hörður: Það þarf að fara að kanna það, hvort að Data eigi eitthvað erindi inn á deildar- og deildarráðsfundi viðskiptadeildar. Mikilvægt að kanna þetta sem fyrst. Hægt er að velja tvær námsleiðir í tölvunarfr. önnur er bara tölvunarfr. og



hin er viðskiptafr. og það er verið að skoða það að viðskiptafr. línan verði meira tengd viðskiptafr. í HA frekar en HR.

3. Verklagsreglur bornar upp til samþykktar.

Verklagsreglur voru lagðar fyrir stúdentaráð, þær voru allar samþykktar fyrir utan verklagsreglur um Félags- og menningarlífsnefnd en var þeim frestað.

4. Kynning á jafnréttisnefnd.

Andrea Sif Steinpórsdóttir og Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir, fulltrúar nemenda í jafnréttisnefnd kynna nefninda og störf hennar. Nefndin hefur t.d. í vetur bætt hjólastólaaðgengi að skólanum, í gegnum inngang hjá bókasafni þar sem skipt var um hurð og er því skólinn nú loks opinn öllum, allan sólarhringinn.

Umræða skapaðist um jafnréttisdaga, þar sem lagt var til að þeir væru of mikið miðaðir við HÍ, það gengi ekki að hafa svona marga daga hér í HA og að þessir dagar þarfnist breytinga.

5. Kynning á umhverfisráði.

Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir, fulltrúi nemenda í umhverfisráði kynnir starfsemi ráðsins lauslega, það hefur einungis verið haldinn einn fundur.

6. Önnur mál

A. Ketill segir að hann hafi mætt á fund FÉSTA ásamt Gumma og Sibbu. Staðan á görðunum var rædd, rætt var um biðlista og þau fengu útskýringar á biðlistanum. Staðan er sú að við ætlum að hjálpa FÉSTA næsta árið að kynna fólki betur fyrir því hvernig skráningarferðlið er og þegar fer að opnast fyrir þurfum við að peppa það. Eina sem við getum gert til að fá framtíðarsýn í



byggingar, er að fylla þau pláss sem eru í boði núna. Eins og staðan er núna eru 12 íbúðir í leigu til Akureyrarbæjar, þeim verður fjölgað upp í 14. Það var einnig rætt um umhverfismál og flokkun í því samhengi. Tunnur voru teknar á sínum tíma, vegna þess að íbúar notuðu þær ekki.

B. Sólveig fer yfir to do lista, hvað sé búið að gera og hvað eigi eftir að gera og minnir á að það sé stutt í stjórnarskipti og því þurfi fólk að huga að verkefnum sem vilji er til að ráðast í eða klára.

C. Ketill fór á fund með útibússtjóra Arion Banka, hann hefur samþykkt að styrkja FSHA sem eina heild um ákveðna upphæð á ári. Við munum búa til ákveðinn samstarfssamning um okkar skyldur geng þeim. Líklega yrði þetta hannað þannig að fyrri greiðslan færi til FSHA og seinni greiðslunni yrði deild niður á félögin.

D. Hörður veltir því fyrir sér hvar Data kemur inn á diploma supplementið, s.s. formaður Data í stúdentaráði. Hann útskrifast frá HR og fær skirteyni frá þeim.

E. Fyrir fundinn var tilgreint að Ragnar Auðun Árnason, lánasjóðsfulltrúi SHÍ sem þjónustar stúdenta HA, myndi koma og halda kynningu á LÍN. Ketill óskar eftir því að fundi verði slitið og að Ragnari verði gefið orðið til þess að hefja kynningu sína og er það samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30



Undirskrift fundargesta

Ketill Sigurður Jóelsson
Formaður FSHA

Sólveig María Árnadóttir
Varaformaður FSHA

Thelma Rut Káradóttir
Fjármálastjóri FSHA

Hörður Ingi Kristjánsson
Formaður Data

Lísa Margrét Rúnarsdóttir
Formaður Eirar

Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir
Formaður Kumpána

Heiða Björg Guðjónsdóttir
Formaður Magister

Páll Hólm Sigurðarson
Formaður Reka

Andrés Tryggvi Jakobsson
Forseti Stafnbúa

Pétur Már Jónsson
Formaður Þemis

Magnús Víðisson
Formaður Alþjóðanefndar

Berglind Hannesdóttir
Formaður Félags- og menningarlífsnefndar

Bergdís Sigfúsdóttir
Formaður kynningarnefndar